

Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13

facebook

29. NÓVEMBER 2014 • 44. tölublað 5. árgangur

# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Það verður af nógu að taka á aðventunni í höfuðborginni. Hinir nægjusömu eiga kost á ýmiss konar dagskrá víða um borgina og svo má líka skera út laufabrauð að fornum sið. Einnig er hægt skella sér á jólahlaðborð eða á tónleika. Eitt slíkt kvöld gæti kostað vísitölufjölskylduna frá 25 og upp í 100 þúsund krónur.

Sjá bls. 6.

Ellefu starfsmenn Sorpu með bíl frá byggðasamlaginu:

## Einkabílar kosta hátt í tíu milljónir á ári

Ellefu starfsmenn byggðasamlagsins Sorpu eru með bíl frá fyrirtækinu til umráða, samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi.

Þetta kemur fram í svörum Björns Halldórssonar, framkvæmdastjóra Sorpu, við fyrirspurn Reykjavíkur vikublaðs. Hann greinir í svari sínu frá því að Sorpa sé með

16 ökutæki í rekstri. Ellefu starfsmenn hafi „afnot af ökutækjum sem hlunnindi og er það í öllum tilvikum skv. ráðningarsamningum.“ Eins og með önnur hlunnindi þá greiði fyrirtækið allan kostnað við ökutækið, en starfsmaður hlunnindaskatt.

Björn ætlar að árlegur kostnaður Sorpu af hverjum þessara bíla sé um 790 þúsund

krónur. „Skv. þessu meðaltali er rekstrar-kostnaður þessara 11 ökutækja einhvers staðar á bilinu 8-9 milljónir“.

Björn segir að bílarnir séu af eftirfarandi tegundum: Volkswagen Caddy, Volkswagen Touran, Ford Transit, Volvo S80, Ford Exploror SportTrack og M Benz E200 NGT. Allt séu þetta metanbílar nema Fordinn. Sá nýjasti mun vera 2013 módel, en hinn elsti frá 2006.

Starfsmenn fá bílahlunnindi samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra en bílahlunnindi framkvæmdastjórans samkvæmt ráðningarsamningi.

Reykjavíkurborg á bróðurpartinn í byggðasamlaginu Sorpu.

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsefni

Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar

Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.

FRUM

...góður punktur

Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

Dýralæknirinn  
í hjarta Reykjavíkur!

Í okkar augum er dýrið þitt einstakt!

Dýralækningsstofa  
Helgu Finnsdóttur

Skipasundi 15

Sérgræin: Sjúkdómar hunda og katta

Sími 553 7107 • [www.dyralaeknir.com](http://www.dyralaeknir.com)



Gluggafilemur

Sand &  
solarfilma

544  
2030  
MERKIS  
MENN  
[www.merkismenn.is](http://www.merkismenn.is)

Þú færð eldsneytissparandi  
dekkinn frá YOKOHAMA

á dekkjahollin.is

DEKKJAHÖLLIN

REYKJAVÍK • HÖRSTADUR • AKUREYRI

Netgiró

Fyrir þínar bestu stundir!

C&J stillanlegt rúm með  
Shape heilsudýnu



TIL Í ÖLLUM  
STÆRÐUM  
Á JÓLATILBOÐI

Charlotte Julien

Stærð: 2x80x200 cm.  
Fullt verð 442.300

ÞÚ SPARAR 66.345 kr.

DORMA

– býður góða nótt

JÓLATILBOÐ  
375.955  
2X80X200 CM

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00  
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði ☎ 456 4566

Aðstoðarlögrelustjóri um vændiskaupamál:

## Dómarar þurfa fræðslu

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögrelustjóri höfuðborgarsvæðisins, segir að í vændis- og mansalsmálum skipti miklu máli að fræða alla sem að koma. Hún nefnir meðal annars lögreglu, ákærendur og dómarar.

Hún segir að sænska leiðin svenefnda, þar sem kaup á vændi hafa verið gerð refsiverð skipti mjög miklu máli í baráttu gegn mansali og skipulagðri glæpastarfsemi. En það þurfi að gera betur. Forvörn í þessum málum sé fölginn í því að nafngreina dæmda vændiskaupendur og því vill hún, líkt og ríkissaksóknari hefur krafist, að réttarhöld í vændiskaupamálum verði haldin í heyranda hljóði. „Það að viðkomandi sé ekki nafngreindur gerir það að verkum að forvarnargildið er ekki það sama. Þannig að þá höfum við of mikla eftirspurn. Við þurfum að stemma stigu við eftirspurninni. Það er mitt mat og ríkissaksónara líka að við gerum þá meira með því að þetta séu ekki lokað þinghöld.“



Alda Hrönn bætir því við að enn meira mætti gera. „Sektir í þessum málum hafa verið of lágar að mínu mati.“ Ítarlega er rætt við Öldu Hrönn um verkefni lögreglu höfuðborgarsvæðinu á bls. 10-11.

## Hæstiréttur klofnaði

Meirihluti Hæstaréttar hefur hafnað kröfu ríkissaksóknara um að réttarhöld í vændiskaupamálum verði haldin í heyranda hljóði. Dómsstjóri héraðsdóms Reykjavíkur ákvað að loka réttarhöldunum. Hæstiréttur féllst á það með „tilliti til hagsmuna þeirrar konu sem málið varðar“. Guðrún Erlendsdóttir, Hæstaréttardómari skilaði sératkvæði þar sem sagði að tilgangur laga sem banna

kaup á vændi væru að „sporna við sölu á kynlífi. Þeim tilgangi verður að mínu mati frekar náð með því að halda þinghöld í slíkum málum fyrir opnum tjöldum heldur en að halda þau fyrir luktum dyrum.“

Reykjavík vikublað hefur einnig óskað þess að þinghöld í 40 vændiskaupamálum verði haldin í heyranda hljóði. Héraðsdómur vísaði málinu frá, en blaðið hefur óskað eftir úrskurði Hæstaréttar.



Verkfalli tónlistarkennara lauk með samningum á dögum. Borgin segist vilja bæta nemendum upp kennslutíma sem þeir misstu af. Framlög til tónlistarskóla verði ekki skert vegna þess mánaðar sem tónlistarskólakennarar neyddust til að leggja niður störf. Semja á við hvern tónlistarskóla um hvernig bæta megi nemendum upp kennslumissinn.

# .IS

skráðu þitt .is lén  
www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

# Hugðust kaupa vopnin

Aðeins á eftir að semja um verð og afhendingu,“ var haft eftir Sigurði Ásgrímssyni yfirmanni séraðgerða- og sprengjueyðingarviðs Landhelgisgæslunnar í frétt norsku fréttastofunnar ABC Nyheter í maí árið 2010, en þar var fjallað um vopnasölu Norðmanna til Íslands. Fyrirsögn fréttarinnar var í lauslegri þýðingu: „Selja vopn til Íslands“.

Í norsku fréttinni kemur fram að Íslendingar hafi óskað eftir því að kaupa

50 MP-5 vélbyssur. Í fréttinni kom fram að þetta væri í fyrsta sinn sem Norðmenn seldu vopn til borgaralegra stofnana.

Í fréttatilkynningu frá Landhelgisgæslunni frá 27. október er í þessu sambandi talað um „gjöf“. Sama hefur verið sagt um önnur vopn sem frá Noregi hafa komið, en sem nú hefur ákveðið að skila.

Reykjavík vikublað hafði samband við Landhelgisgæslunna vegna málsins og spurði hvernig stæði á því að semja

þyrfti um verð fyrir gjafir. Blaðið fékk þau svör frá að væntanlega hefði verið reiknað með því að borga eitthvað í upphafi, en svo hafði ekki komið til þess.

Þegar spurt var nánar út í þetta var blaðinu greint frá því að niðurstaða samningaviðræðna hefði verið sú að meta byssurnar og búnað til 2.500 norskra króna. Sendingin hafi komið til landsins ári síðar. Enginn reikningur hafi verið sendur og engin greiðsla farið fram.

## 5000 félagslegar íbúðir

Borgarráð hefur samþykkt til lögu að Félagsbústöðir fjölgi félagslegum leiguíbúðum borgarinnar um 500 á næstu fimm árum. Þetta á að kosta þrettán og hálfan milljarð króna. Gert er ráð fyrir því að Reykjavíkurborg og ríki leggi fram um 30% eigið fé, í samræmi við hugmyndir um framtíðarskipan húsnæðismála, segir í fréttar-

tilkynningu borgarinnar. Restin verði tekin að láni til 50 ára. Óskað hafi verið eftir formlegum viðræðum við félagsmálaráðherra um stuðning ríkisins.

Alþýðusamband Íslands benti á það í vikunni að 2.200 félagslegar íbúðir væru í Reykjavík. Það sé hæsta hlutfall félagslegra íbúða á landinu, 1,8 á hverja þúsund íbúa. Reykja-

vikurborg fái flestar umsóknir um félagslegt húsnæði, en hátt í tólf hundruð manns séu á biðlista í borginni.

Alþýðusambandið bendir á að félagslegum leiguíbúðum hafi aðeins fjölgað um 10 í Reykjavík árin 2012-13, en segir einnig að mesta athygli veki að félagslegum leiguíbúðum á Seltjarnarnesi hafi fækkað um 19 milli ára.

## Fjármagnsliðir drógu borgina niður

Í fréttatilkynningu um níu mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar segir að rekstrarniðurstaða samstæðu borgarinnar – A og B hluta – hafi verið jákvæð um 11 milljarða króna,

en áætlun hafi gert ráð fyrir sex milljörðum. Þetta skýrist að mestu af tekjutilfærslu á matsbreytingum hjá Félagsbústöðum og fjármagnsgjöldum Orkuveitunnar – hvort tveggja erí

b-hluta samstæðunnar. Fyrir fjármagnsliði hafi rekstrarniðurstaðan verið jákvæð um rúma þrettán milljarða sem sé 288 milljónum króna lakara en ráð var gert fyrir.

## Ógiltu aflífur hunds

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur felld úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að aflífa hundinn Funiu.

Það var í mars í fyrra sem lögreglan á Suðurnesjum fékk tilkynningu frá leikskóla í Reykjanesbæ að þýskur fjárhundur gengi þar laus og væri ógnandi. Leikskólabörnum var haldið innandyr. Starfsmaður heilbrigðiseftirlitsins kom á staðinn og reyndi að fanga hundinn. Það mistókst, en hins vegar tókst að reka hann heim þar sem eigandi hans kom á hann bæði ól og mól. Í framhaldinu lét

heilbrigðiseftirlitið fara með hundinn á hundahótel. En þegar þangað var komið ákvað framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins að ekki væri rétt að geyma hundinn. Var þá hundurinn drepinn og hræið brennt.

Þessi ákvörðun var kærð, meðal annars á grundvelli mats frá dýrasálfræðingi frá 2010 um að hundurinn væri vinalegur.

En einnig kom í málinu að hundurinn hefði áður fundist á lausagöngu og eigandinn verið áminntur. Þá hefði hundurinn verið hamslaus á hundahótelinu. Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar segir að

ákvörðun um aflífur hunds hefði verið tekin á þeim grundvelli að hundurinn hefði verið óskráður. Hins vegar hefði Funiu verið örmerkt og hundagjaldið ekki fallið í gjalddaga. Því hefði ákvörðun um að aflífa hundinn verið tekin á röngum forsendum. Auk þess hefði hann verið mýldur og því spurning um bráða hættu af honum og eigandinn naut heldur ekki andmælaréttar. Því var ákvörðun um að aflífa hundinn Funiu felld úr gildi. Ekki kemur fram í úrskurðinum hvernig eigi að framfylgja honum, en úrskurðarnefndin tók ekki afstöðu til bótakröfu.

## Dýrt kvöld á aðventunni

Efnokkrir jólamatseðlar og jólatónleikar er borið saman við samskonar og boðið var uppá fyrir ári síðan má sjá að verð á flestu hefur hækkað þó einstaka hafi staðið í stað.

Fyrir vísitölufjölskylduna, hjón með tvö börn getur því kostað á bilinu 27.960 – 97.560 að fara út að borða og á jólatónleika.

Sjá bls. 6.

## Kallað á skýringar

Málflutningur af því tagi formanns atvinnuveganefndar og félaga hans í umhverfisráðuneytinu er mótsagnakenndur og í litlu sambandi við gildandi lög um rammaáætlun,“ segir Árni Finnsson formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands í grein hér í blaðinu. Fram kom í vikunni að Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar lagði til að 7 viðbótar náttúrusvæði yrðu færð í nýtingarflokk rammaáætlunar, en aðeins hafði verið gert ráð fyrir einni breytingu. „Í lýð-



ræðisríki er þeim skylt að skýra mál sitt betur,“ segir Árni.

Sjá bls. 12.

## Árétting

Í síðasta tölublaði var greint frá því að aðeins einn borgarfulltrúi hefði svarað fyrirspurn blaðsins um verkfall tónlistarkennara. Síðan kom í ljós að Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar hafði ekki fengið erindi blaðsins. Beðist er velvirðingar á því.

## REYKJAVÍK

Alla laugardaga

Auglýsingasíminn er  
578 1190

Netfang:  
auglysingar@fotspor.is

ÞÍN ÚTIVIST ÞÍN ÁNÆGJA



NÝKOMIÐ

Glæsilegar dúnúlpur fyrir  
dömur og herra



**ESJA** | Dúnúlpa með hettu  
**Kr. 21.890**



**EGILL** | Dúnúlpa með hettu  
**Kr. 21.890**

## LEIÐARI



## Snúið á haus

Ríkissaksóknari krafðist þess að réttarhöld yrðu opin í málum 40 manna sem ákærðir eru fyrir kaup á vændi. Bæði dómsstig sögðu nei, en meginreglan er samt að réttarhöld séu haldin í heyranda hljóði.

Hæstiréttur klfnaði í annað sinn. Í báðum tilvikum hefur kvenkyns dómari við Hæstarétt skilað sératkvæði með því inntaki að réttarhöldin skuli vera opin; aðeins þannig nái lögin sem banna kaup á vændi markmiðum sínum. Hins vegar hafa tveir karlkyns dómarar í báðum tilvikum ýmist viljað hafa þau lokuð eða ekki ljáð máls á öðru.

Þetta er áhugavert. Bæði löggjafinn og framkvæmdavaldið eru afdráttarlaust þeirrar skoðunar að réttarhöld í þessum málum eigi að halda í heyranda hljóði. Dómsfélarnir vilja fara aðra leið.

Í nýjasta dómi Hæstaréttar er kröfu um opið þinghald hafnað á þeim grunni að vernda eigi hagsmuni þeirrar konu sem í hlut á í málunum 40.

Efnislega verður ekki séð að dómur meirihluta Hæstaréttar hafi nokkurt gildi nema fyrir meinta vændiskaupendur. Konan sem um ræðir mun nefnilega vera farin af landi brott.

Annars á að vera heimild í lögum til að loka réttarhöldum að hluta. Þannig hefði mátt vernda hagsmuni konunnar, standi viljinn til þess.

Svo vill til að Reykjavík vikublað óskaði þess einnig að réttarhöldin yrðu opin að hluta eða öllu leyti. Beðið hefur verið um álit Hæstaréttar á því máli, en héraðsdómur vísaði erindinu frá.

Og sem ég sit og skrifa þetta kemur bréf inn um lúguna. Það er frá lögmanni á Akureyri. Hann er verjandi eins hinna ákærðu. Ég fæ ekki betur lesið úr bréfinu en að lögmaðurinn geri kröfu um að ég greiði hluta af kaupinu hans.

Heldur þætti mér hlutum snúið á haus ef launin fyrir þessi skrif verða að borga lögfræðikostnað verjanda í vændiskaupamáli.

Ingimar Karl Helgason

## Nýtt frístundaheimili

Borgarráð hefur samþykkt að boðnar verði út framkvæmdir við frístundaheimili vogaskóla. Gert er ráð fyrir að 110 börn komist þar fyrir, en að húsið verði steinsteypt, á einni hæð, alls 342 fermetrar. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist upp úr áramótum og að verkinu verði lokið innan ársins. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 165 milljónir króna.



## Menntabrautin og þroskaða fólkið

Það varð bylting á Íslandi árið 1972 þegar kennsla í öldungadeild Menntaskólans í Hamrahlíð hófst, ekki í hernaðarlegum skilningi heldu í tengslum við mannréttindi. Menntabrautin varð greið öllum þeim sem höfðu af ýmsum ástæðum ekki náð að feta hana á skilgreindum tíma. Það var athyglisvert að þjóðfélagið tók þessari hraðferð sem nám í öldunga-deildinni var ekki athugasemdalaust. Einna minnisstæðastur er kennarinn á framhaldskólastigi sem fann þessu framtaki ýmislegt til foráttu en þaðst

síðar afsökunnar, þar sem hann viðurkenndi að hafa vanmetið þessa nemendur eftir að hafa kynnst áhuga og seiglu þessa hóps við námið.

Þeir sem óku og hafa ekið hindrunarlaust beinu násbrautina skilja sennilega ekki hversu mikils virði þetta tækifæri hefur verið þeim sem nutu.

Sem dæmi þá opnaðist nýr heimur í MH húsmóður í Breiðholti sem hafði verið heimavinnandi á annan áratug og var farin að horfa fram á veginn eftir að ungvíðið hyrfi úr hreiðinu. Einvalalið kennara var og er við störf í skólanum

## Ummæli með erindi:

„Í fyrsta lagi þarf að fella niður gjafakvótann þannig að allir Íslendingar sitji við sama borð.“

- Magnús Thoroddsen fv. Hæstaréttardómari í grein í Morgunblaðinu 30. jan. 2008.



## HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

## Skuggastjórnendur

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, kom inn á áhuga-verðan punkt þegar Ríkisútvarpið var rætt við afgreiðslu fjáráukalaga. Ræddi hann um árásir „skuggastjórnenda ríkisstjórnarinnar“ á almannautvarpið. Þessum orðum mótmæltu stjórnarliðar ekki. Væntanlega eiga skuggastjórnendur þessir heima í Hádegismóum.



## Kostaðir (t)englar

Framsóknarflokkurinn lét senda út kostaðan tengil á Facebook í vikunni, eins og svo oft áður. Að þessu sinni reyndi hann að telja fólki trú um að „leiðréttingin“ í núverandi mynd, hefði verið skilyrði flokksins fyrir stuðningi við minnihlutastjórnina vorið 2009. Allir vita að það er þvæla. Hins vegar var ófrávikjanlegt skilyrði framsóknar fyrir stuðningi við þá stjórn að kosið yrði stjórnlagaráð og ný stjórnarskrá samin fyrir Íslendinga. Engum sögum fer af stuðningi Framsóknarflokksins við málið síðan.

## Allt til vinstri

Óli Björn Kárasón, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill leggja niður Ríkisútvarpið vegna þess að þar sér hann kommúnista í hverju horni. Á það var bent í heitum potti að standi maður á suðurpólnum, þá sé norður á alla kanta. Svipað má segja



um menn þegar þeir eru komnir jafn langt út á hægri kantinn og Óli Björn. Þá er allt annað vinstri. Annars hefði fólk haldið hin ímyndaða slagsíða ætti að lagast þegar Styrmir Gunnarsson tekur við eigin sjónvarpsþætti. En sjálfsgagt er Styrmir til vinstri við Óla Björn, líkt og flestir.

## Nýr yfirmaður

Nýskipaður lögreglustjóri í Vestmannaeyjum vill að Unnur Brá Konráðsdóttir, samflokkskona úr Sjálfstæðisflokknunum, verði gerð að innanríkisráðherra í stað Hönnu Birnu sem hrökkladist úr embætti á dögunum. Sjálfsgagt eru fá dæmi fyrir því að undirmenn geri jafn afdráttarlausu kröfu um yfirmenn.



## Höfuðvígið

Lögreglustjóri þessi er raunar bæjarfulltrúi í Eyjum og aðrir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins skorudu einnig á Bjarna Benediktsson að velja Unni Brá, enda eigi ráðherra að koma úr „Suðurkjördæmi; höfuðvígi flokksins“. Eitt sinn var það Reykjavík, en höfuðvíginn færast nú utar.

## Hjálpardekk

Upp á samhengið fékk flokkurinn rúm 28 prósent atkvæða í Suðurkjördæmi í síðustu þingkosningum, og þar gildir atkvæði tvöfalt það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Það virðist því þurfa hjálpardekk undir höfuðvígið ...



Höfundur er J. Bryndís Helgadóttir Framhaldsskólakennari

rituð hóf námið í öldungadeildinni og raddir heyrðust eins og „hvenær munt þú nýta þetta nám og eiga skattgreiðendur að greiða námið?“

Ríkisstjórnin skuldar þjóðinni skýringu á orðum formanns fjárlaganefndar. Eigum við að trúa því að einstaklingur sem er 25 ára, sé orðinn svo roskinn að eitt auðugasta ríki veraldarinnar hafi ekki efni á því að taka þátt í menntun hans.

Það varð bylting í menntakerfinu árið 1972 nú er þörf á annarri byltingu, „roskið fólk 25 ára og eldra“, sættið ykkur aldrei við að eiga þess ekki kost að menntast í því kerfi sem þið eigið sjálf.

## Í FRÉTTUM

## Ísland í nýtingarflokk

Jón Gunnarsson formaður atvinnuveganefndar Alþingis vill að 8 náttúrsvæði verði virkjuð, fari úr biðflokki rammaáætlunar í nýtingarflokk. Áður hafði verið lagt til að einum stað yrði vippað milli flokka. Þetta kemur lítið á óvart. Þetta er 20. aldar stefna stjórnarflokka í verki. Sást líka á því að málið var falið Jóni Gunnarsyni sem í prófkjöri var studdur af Kraftvélum, en ekki umhverfisnefnd Alþingis.

## Ekkert á þurru?

Smálánafyrirtækin Kredia og Smálán una ekki ákvörðun áfrýjunarnefndar neytendamála um að þau hafi brotið lög um neytendalán. Þau ætla með málið fyrir dómstóla. Samkvæmt lögum um árseikninga ber fyrirtækjum að skila reikningum ekki síðar en í september eftir lok reikningsárs. Smálán hafa aldrei skilað ársreikningi og Kredia skilaði síðast reikningi fyrir árið 2010. Ekki tala fyrirtækin um það.

## Mannréttinda-yfirlýsing?

Stórmerkileg pólitísk yfirlýsing var birt á vef DV um síðustu helgi: „Tel að það þurfi einfaldlega að breyta lögunum þannig að það sé ekki trúnaður um vinnugögn tengda hælisleitendum,“ var haft eftir Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur, borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

## Byssurnar

Ríkislögreglustjóri vill vopna almenna lögreglu vélbyssum vegna hættu af Íslamska kalífadæminu í Írak og Sýrlandi. Ekki hefur komið fram hvernig þungvopnuð lögregla gæti komið í veg fyrir slíkar ógnir, en spyrja má hvort við séum nógu vel búin undir eldgos og aðrar náttúruhamfarir, sem kynnu að vera öllu nærtækari ógnir.

## Tveggja mánaða laun

Ríkissjóður hleypur undir bagga með fiskvinnslustöðvum úti um allt land og greiðir laun til fiskvinnslufólks í hræfnisskortri. Þetta hefur lengi tíðkast, en Fréttablaðið benti á að á undanförunum fjórum árum hefur ríkissjóður greitt 1.152 milljónir króna í þessu skyni. Upphæðin er á pari við tveggja mánaða arðgreiðslu til eigenda fimm stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna í ár.

## Ólöglegt

Starfsmenn Fiskistofu vilja að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis skoði ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að flytja Fiskistofu til Akureyrar. Í bréfi starfsmanna segir að þeir telji ákvörðunina ólögmeta þar sem lagaheimild fyrir flutningnum skorti.

## Forsendubrestur

Verðbólga mælist eitt prósent og Hagfræðideild Landsbanka Íslands spáir því að fasteignaverð hækki um hátt í 10 prósent á þessu ári og næstum um annað eins á hinu næsta. Stjórnvöld sem leggja ofurtrú á „markaðinn“ þurfa varla að gefa fasteignaeigendum peninga skattgreiðenda ofan á þetta.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ  
44. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Rítstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarbláðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarbláðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenksurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Landsprent, 50.000 eintök. Dreifing: Landsprent

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM  
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.



# Jólagjafir

## -fyrir heimilin í landinu



**SAMSUNG**

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm  
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)  
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear  
UHD Upscaler: Já  
Rið: Clear Motion Rate 800  
3D: Nei

55" UH55HU7205 560.000.-  
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-**

65" UH65HU7205 749.900.-  
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-**



X-SMC00  
iPod vaggja · hvít

**Nú án vörugjalda 31.900,-**

**Pioneer**  
HLJÓMTÆKI



MCS-333

Blu-ray heimabíó  
1000W. 5.1 kerfi, Blu-ray, DVD, CD, 3D, FM / Internet útvarp,  
4xHDMI inn, 1xHDMI út, 2xUSB, 1xEthernet, 1xAux inn.

~~79.900~~ **Nú án vörugjalda 63.900,-**



**Pioneer**  
HLJÓMTÆKI



A-30

**Stereo  
magnari**

Verð: 69.900

**Nú án vörugjalda 55.900**

2x70W, Inngangar: SACD/CD, Phono (MM), Aux, Network, Recorder,  
Tuner, Power Amp Direct In, Útgangar: Recorder, Phones.

**Pioneer**  
HLJÓMTÆKI



N-30

**Net  
spilari**

Verð: 69.900

**Nú án vörugjalda 55.900**

Airplay, Internet útvarp, DLNA, iPod, iPhone, iPad, Ethernet, WiFi option,  
Android/iPone stýring, Air Jam, Tengimöguleikar: 1xUSB inn, 1xLAN inn,  
1xOptical út, 1xCoaxial út, 1xAnalogue út

**Pioneer**  
HLJÓMTÆKI



PD-30

**CD  
spilari**

Verð: 84.900

**Nú án vörugjalda 67.900**

Spilar CD, CD-R, CR-RW, SACD, DVD-R, DVD-RW (hljóð), DSD, MP3,  
WMA, AAC, MPEG-4, Tengimöguleikar: 1xOptical út, 1xCoaxial út,  
1xAnalogue út, 1xUSB inn (framan)

**Pioneer**  
heyrtartól



**30%  
afsláttur**



**Mikið fyrir lítið**

- 15,6" HD LED Mattur skjár (1366x768)
- AMD Dual-Core E2-2000 örgjörvi
- AMD Radeon HD7340 skjástýrin g
- 500GB harður diskur
- 4GB 1333MHz vinnsluminn i
- HDMI, 3xUSB2.0, VGA - kortalesari
- PowerPlus rafhlaða m. 1000 hleðslu m
- Windows 8 og Bluetooth 4. 0

**Jólatilboð 84.900,-**

**Nintendo**

**Wii**

mini



Mario Kart fylgir Verð: 26.900

**Wii U**



Verð: 69.900

**NINTENDO DS**

Tveir lítir



Verð: 29.900

**Útsölumarkaður - 30-80% afsláttur**

Heimabíómagnarar - Nintendoleikir - Fartölvutöskur - Hljómtækjastæður - Bluetooth  
hátalarar - Geisladiskar - I pad hultur - Spilað & Skilað / Spilaðir tölvuleikir -  
Vefmyndavélar - PC stýripinnar - Tölvusnúður - WiFi hátalarar - Diskahýsingar -  
Leikjastýripinnar - Þráðlaus talnaborð - Farsímahultur o.fl.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 -18 / LAUGARDAGA KL. 11 -15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUÐÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

## MENNINGIN

# Aðventan í Reykjavík

Á morgun er fyrsti sunnudagur í aðventu og reikna má með að ungir og gamlir geri sér dagamun að því tilefni. Tendrun jólaljósa á Óslóartréinu við Austurvöll er árlegur viðburður sem á sér langa sögu og markar hjá mörgum upphaf aðventunnar. Í ár verður engin undantekning þar á og mun hin nýu ára norsk-íslenska Lilja Rán Gunnarsdóttir tendra ljósin kl.16: 10 á 63. trénu sem Norðmenn færa Íslendingum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitir trénu viðtöku. Dagskráin hefst með því að Lúðrasveit Reykjavíkur blæs til adventuhátíðar kl.15: 30 en einnig munu Helgi Björnsson og Sigríður Thorlacius flytja nokkur jólalög og flutt verður kvæðið um Giljagaur eftir Bubba Morthens. Bræðurnir Stúfur, Gluggagægir og Giljagaur munu syngja með kátum krökkum. Kynnir verður Gerður G. Bjarklind og verður dagskráin túlkuð á táknmáli. Órói Óslóartrésins frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra er í ár hannaður af Lindu Björg Árnadóttur. Heitt kakó og kaffi verma kalda kroppa.

Aðventan getur verið tími mikilla anna á mörgum heimilum, þrifa þarf gardínur og innan úr eldhússkápum, baka margar sortir og skrifa jólakort, að ógleymdum jólagjafainnkaupum. Þó má ekki gleyma að margt er í boði í borginni fyrir börn og fullorðna til að stytta biðina fram að jólum og gera sér glaðan dag í skammdeginu. Að venju býður fjöldi veitingahúsa upp á jólahlaðborð með hangikjöti, villibrað, síld og ris á la mande og tónleikar eru haldnir víða. Sjá má verðsamanburð í rammanum hér til hliðar.

Aðventuskemmtun fjöskyldunnar þarf þó ekki að kosta mikið þar sem fjölbreytt dagskrá verður í boði á hinum ýmsu menningarstofnunum í desember þar sem aðgangseyrir er lítill eða enginn.

## Norræna húsið

Má þar fyrst nefna hið árlega jóladagatal Norrænahússins sem nú fer fram í áttunda sinn. Á hverju ári er fenginn nýr listamaður til að ákveða hvað verður á dagatalinu og einnig til að gera kynningarefni því tengdu. Í ár er það listakonan Halla Birgisdóttir sem meðal annars hefur valið Sigurð Guðmundsson og Sigríði Thorlacius, Prins Póló, Þórarinn Eldjárn, Meðgönguljóð, Hund í óskilum og Ólafu Hrönn til að koma fram á dagatalinu, eitt hvern dag frá 1. -23. desember. Gestir fá þó ekki að vita hvað er í dagatalinu fyrr en þeir mæta í Norrænahúsið. Áður en atriðin sjálf hefjast er boðið upp á óáfengt jólaglögg og piparkökur og á slaginu 12: 34 er tilkynnt með dinglandi gullbjöllu hvað sé í dagatalinu þann daginn.

Halla verður einnig með sýningu sem tengist jóladagatalinu í anddyri Norrænahússins þar sem hún teiknar sögur beint á veggina. Í þeim beinir hún sjónum sínum að og reynir að rannsaka það hvernig mannfólkið hagar sér í kringum jólahátíðarnar.

## Þjóðminjasafnið

Jólasýningar Þjóðminjasafnsins eru tvær og standa frá upphafi aðventu og framyfir þrettándann. Á þriðju hæð safnsins verða sýnd gömul jólatré og á torginu verður ný sýning, *Jólin hans Hallgríms*. Á henni verða stækkaðar myndir úr nýútkominni bók Steinunnar Jóhannesdóttur ásamt gripum sem vísa til sögunnar. Gestir geta leikið sér að leggjum, skeljum og nútíma útgáfu af jólahúsinu í Betlehem, sömu leikföngum og börnin í sögu Steinunnar. Safnkennarar Þjóðminjasafnsins hafa unnið ratleik um safnið út frá sýningunni og verða ýmsar upptakomur henni tengdar á aðventunni.

Jólasveinarnir 13 eru árlegir gestir Þjóðminjasafnsins og mæta þangað hver af öðrum eftir því sem þeir koma til byggða. Á hverjum morgni frá 12.-24. desember mæta sveinarnir kl.11 og syngja og spjalla við börnin.

Þann 7. desember mæta Grýla og Leppalúði á árlega jólaskemmtun safnsins ásamt Jóhönnu Guðrúnu og jólakettinum.

## Borgarbókasafnið

Á söfnum Borgarbókasafnsins verður boðið uppá fjölbreytta dagskrá í desember sem stendur öllum opin og er aðgangur ókeypis. Meðal annars verður boðið upp á föndur, upplestur úr bókum og jólaævintýri.

Fjölmenning: Café Lingua verður jólastund í aðalsafni mánudaginn 1. desember kl. 17.30-18.30. Jólaglögg og gleði.

Söguhringur kvenna býður til alþjóðlegrar hátíðarstemningar sunnudaginn 7. desember kl. 13.30 í Gerðubergsafni.

Jólastemning og jólaföndur: Miðvikudagana 3. , 10. og 17. desember verður jólastemning í Ársafni kl. 14-16.30. Upplestur, jólaglögg og piparkökur. Kristín Arngrímsdóttir, listamaður og rithöfundur leiðbeinir við jólaföndur frá kl. 15.30.

Sunnudaginn 7. desember verður jólaföndur fyrir alla fjölskylduna í aðalsafni. Kristín Arngrímsdóttir, listamaður og rithöfundur, hefur umsjón með föndrinu.

Laugardaginn 13. desember kl. 14 verður jólaföndur fyrir alla fjölskylduna í nýju safni í Spönginni.

Sunnudaginn 14. desember kl. 14 verður Jólaævintýri Þorra og Þuru sýnt í Ársafni og á sama tíma sýnir leikhúsið 10 fingur leikrit um jólaguðspjallið í Gerðubergssafni. Brúður eru í aðallhlutverkum en einnig fá áhorfendur fá að taka þátt.

## Gerðuberg

Í Gerðbergi mun Möguleikhúsið sýna jólaleikritið Smiður jólasveinanna dagana 6. og 13. desember kl.14. Miðaverð kr. 2.400

Þann 11. desember kl.17 verða jólasíðir frá ólíkum löndum ræddir, farið yfir algengar uppskriftir og boðið upp á nokkrar vel valdar kræsingar.

## Borgarsögusafn

Mikill jólaandi mun ríkja á Árbæjarsafni og á Landnámssýningunni í desember.

Dagana 7., 14. og 21. desember verður Árbæjarsafn opið milli kl.13 og 17. Gestir geta rölt milli húsa safnsins og fylgst með jólaundirbúningnum eins og hann þekktist áður fyrr. Laufabrauð verður skorið út, ullinn spunninn, jólatré vafið lyngi og tólgarkerti búið til. Jólasveinarnir gæjast á glugga og börn og fullorðnir fá að föndra músastiga, jólapoka og fleira.

Dagskrá:  
Guðspjónusta kl. 14  
Jólasveinar á vappi á milli 14 og 16  
Dansað í kringum jólatréð á torginu kl. 15

Á Landnámssýningunni sem ber heitið Heiðin jól verður boðið upp á leiðsögn þriðjudaga sunnudaga kl.11

Hildur Björgvinsdóttir



## Hvað kostar jólaskemmtunin?

Ef nokkrir jólamatseðlar og jólatónleikar er borið saman við samskonar og boðið var uppá fyrir ári síðan má sjá að verð á flestu hefur hækkað þó einstaka hafi staðið í stað. Fyrir vísitölufjölskylduna, hjón með tvö börn getur því kostað á bilinu 27.960 – 97.560 að fara út að borða og á tónleika samkvæmt töflunum hér fyrir neðan. Taka skal fram að einhverjir veitingastaðir bjóða upp á sérstakt verð virka daga eða í hádeginu en upplýsingar um það má finna á veitingastadir.is:

| Jólahlaðborð     | 2014         | 2013         |
|------------------|--------------|--------------|
| Perlan           | 9.500        | 8.990        |
| Slippbarinn      | 7.900        | 6.450        |
| Grand restaurant | 9.900        | 9.800        |
| Grillið          | 8.400-11.400 | 8.400-11.400 |
| Tapasbarinn      | 6.690        | 5.990        |
| Lækjarkreppa     | 8.500        | 7.900        |
| Argentína        | 9.800        | 9.550        |
| Bambus           | 6.990        | 6.990        |
| Café París       | 3.990        | 3.390        |
| Fiskfélagið      | 9.400        | 8.400-8.900  |
| Steikhúsið       | 8.400        | 7.700        |
| Súlnasalur       | 9.900        | 9.700        |

| Jólatónleikar                                                          |              |              |
|------------------------------------------------------------------------|--------------|--------------|
| Jólagestir Björgvins Laugardalshöll 13. des. kl. 16 og 21.             | 6.990-12.990 | 5.990/12.990 |
| Baggalútur Háskólabíó                                                  | 6.990        | 5.990/6.990  |
| Jólaswing Stórsveitar Rvíkur Silfurberg Harpan 30 nóv. kl. 17          | 3.500        | 3.500        |
| Borgardætur jólatónleikar átta tónleikar á Café Rosenberg              | 5.300        | 4.990        |
| Mótettukór Hallgrímskirkju                                             | 3.500        | 3.900        |
| Gissur Páll og Árni Heiðar Jólatónleikar Safnahúsinu 5. des. kl. 20:30 | 3.500        | 3.900        |
| Jólatónleikar Fóstbræðra Norðurljós Hörpu 13. des. kl. 17              | 3.000        | 2.300        |
| Söngfélagið jólatónleikar Langholtskirkju 7. des. kl.16 og 20          | 3.500        | 3.500        |
| Páll Óskar og Monika Háteigskirkja 7. des. kl. 17:30 og 20:30          | 2.900        | 2.500        |

## Háskólanám erlendis á sviði skapandi greina

ENGLAND • SKOTLAND • ÍTALÍA • SPÁNN • ÞÝSKALAND

Nemum í alþjóðlegum fagháskólum gefst einstakt tækifæri til að kynnast suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er hagnýtt nám, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við alþjóðleg fyrirtæki.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og kennarar eru reyndir sérfræðingar á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í hönnun, listum, miðlun, stjórnun, eða tísku opnar einnig möguleika á að hitta „réttu“ fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

lingo  
MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

# Ljósir tendruð á Óslóatrénu

## AÐVENTUHÁTÍÐ Á AUSTURVELLI SUNNUDAGINN 30. NÓV. KL. 15.30

**15.30** Lúðrasveit Reykjavíkur blæs til aðventuhátíðar.

**16.00** Helgi Björnsson og Sigríður Thorlacius flytja jólatónlist ásamt hljómsveit.

**16.10** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitir viðtöku 63. Óslóatrénu sem Norðmenn færa Íslendingum. Ljósir tendrar hin níu ára norsk-íslenska Lilja Rán Gunnarsdóttir.

**16.15** Helgi Björnsson og Sigríður Thorlacius flytja jólalög.

**16.20** Flutt verður kvæði um Giljagaur eftir Bubba Morthens.

**16.30** Helgi Björnsson og Sigríður Thorlacius flytja enn fleiri jólalög.

**16.35** Jólasveinarnir Stúfur, Gluggagægir og Giljagaur hafa stolist til byggða. Þeim þykir ekkert skemmtilegra en að syngja jólalög með kátum krökkum!

Kynnir er hin ástsæla Gerður G. Bjarklind. Dagskráin verður túlkuð á táknmáli.

Órói Óslóatrésins frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra

er í ár hannaður af Lindu Björg Árnadóttur.

Heitt kakó og kaffi verma kalda kroppa.

Gleðilega hátíð!

December  
í Reykjavík



Atli Þór Fanndal

# Nýr eigandi DV komið víða við

Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður Vefpressunnar ehf, verður útgefandi DV og stjórnarformaður DV ehf. í kjölfar kaupa Vefpressunar á útgáfufélagi DV. Þetta kemur fram í tilkynningu Björns Inga sem birt var síðastliðinn föstudag. „Þegar samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir verður nánari grein gerð fyrir margvíslegum áformum til að treysta rekstur blaðsins og sækja fram með nýstárlegum hætti til framtíðar. Jafnframt verður gerð grein fyrir eignarhaldi eftir þessar breytingar í samræmi við lög um Fjölmiðlanefnd.“

## Í góðu samstarfi við eigendur

Í sömu tilkynningu kemur fram að kaupin séu í góðu samstarfi við núverandi eigendur DV. „Kaupin eru gerð í góðu samstarfi við eigendur DV undanfarin ár og verður Þorsteinn Guðnason, núverandi stjórnarformaður, áfram í stjórn félagsins og Steinn Kári Ragnarsson framkvæmdastjóri. Hallgrímur Thorsteinsson verður áfram ritstjóri blaðsins.“ Hjá Samkeppniseftirlitinu fengust þær upplýsingar að stofnunni hefði borist erindi um málið en ekkert meir.

## Markaðssókn

Skömmu áður en tilkynnt var um samruna DV og Eyjunar létu núverandi eigendur almannatengslafyrirtækið Franca ehf. vinna greiningu á DV. Skýrslan vakti mikla athygli og þótti hrákasmíð mikil. Hjálmar Jónsson, formaður blaðamannafélagsins, sagði skýrsluna innihalda æpandi mótsagnir. Annar höfundur greiningarinnar er Eggert Skúlason, almannatengill, sem átt hefur í átökum við DV vegna skrifla blaðsins um Eið Smára Guðjónsen, knattspyrnumann. Í umfjöllun blaðsins árið 2009 var Eiður Smári sagður skulda 1,2 milljarða króna og hafi tapað miklu á fjárfestingum sínum í Hong Kong, Tyrklandi og Reykjanesbæ. Hann tapaði meidýrdamáli gegn fréttastjóra DV vegna skrifanna árið 2011.

## „Við tókum þá í ...“

Jóhann Páll Jóhansson, blaðamaður DV, gerði skýrslu Eggerts að umfjöllunarefni á Facebook skömmu eftir að hún var birt. „Ólíkt öðrum starfsmönnum DV varð ég ekki þess heiðurs aðnjótandi að fá að ræða við Eggert Skúlason almannatengil, né fékk ég að svara netkönnun hans. Hins vegar er mér sagt að hann hafi nafngreint mig sérstaklega í viðtölum við starfsfólk, þráspurt leiðandi spurninga um mig og mína persónu og dylgjað

um að annarlegar hvatir lægju að baki skrifum mínum á DV. Gagnrýndi hann sérstaklega skrif okkar Jóns Bjarka um lekamálið og málefni Hönnu Birnu, fréttáflutning sem við höfum hlotið blaðamannaverðlaun fyrir.“ Björn Ingi og Eggert þekkjast úr stjórnmalastarfi hins fyrrnefnda. Árið 2006 var Björn Ingi frambjóðandi Framsóknarflokksins í Reykjavík. Grapevine sagði frá því á sínum tíma að Eggert hefði fagnað sigri Björns Inga í prófkjöri flokksins með ræðu sem hófst á: „Við tókum þá í rassgatið.“

## Komið víða við

Hinn nýi eigandi DV á skrautlegan feril að baki. Hann hefur starfað í fjölmiðlum árum saman en eins og áður segir þá tók hann um tíma virkan þátt í stjórnmalum. Árið 2003 var hann ráðinn aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra sem þá var formaður Framsóknarflokksins. „Hann nam sagnfræði og stjórnmalafraði við Háskóla Íslands og hefur að undanförnu gegnt störfum skrifstofustjóra þingflokks framsóknarmanna og verið kynningarfulltrúi Framsóknarflokksins,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins um ráðninguna.

## Flottur jakki

Kosningabaráttu Björns Inga til borgarstjórnar árið 2006 vakti nokkra athygli sökum fjárútláta. „Fulltrúa-

ráð Framsóknarflokksins í Reykjavík keypti fót fyrir 1.290 þúsund fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006. Flokkurinn fékk 25% afslátt og greiddi því 967.730 þúsund fyrir fatnaðinn,“ sagði í fréttum RÚV árið 2008 eftir að komið höfðu fram ásakanir í garð Björns Inga. Þá kom einnig fram að flestir reikninganna hefðu verið merktir upphafsstöfum Björns Inga. „Um er að ræða fimm jakkaföt, 26 skyrtur, 21 bindi, tíu peysur, fjögur skópör, fjögur belti, fernar gallabuxur, níu ermahnappa, frakka, leðurjakka, útjakka, langermabol, buxur og stakan jakka.“ Björn Ingi sagði af sér árið 2008 að undangengnum gríðarlegum þrýstingi. „Almenningur hefur orðið vitni að óvenjulega rætnum og persónulegum árásum gegn mér síðustu daga. Hreint og beint hatur í minn garð frá fyrrverandi þingmanni flokksins og gömlum samherja hefur vakið þjóðarathygli og halda skeytasendingar hans áfram, enda þótt allar helstu stofnanir og forysta Framsóknarflokksins lýsi yfir eindregnum stuðningi við mig og mín störf,“ sagði hann í tilkynningu vegna afsagnarinnar. „Þegar við svo bætist, að illa fengin gögn og fylgiskjöl úr bókhaldi kosningabaráttu flokksins eru farin að rata til fjölmiðla, má öllum vera ljóst að hatrið og viljinn til að koma höggi á mig og Framsóknarflokkinn eru orðin allri skynsemi yfirsterkari.“

## REI-málið

Afsögn Björns Inga tengdist þætti í REI-málinu svonefnda. Í málinu var deilt um Orkuveitu Reykjavíkur, dótturfélag þess REI og félagið Geysir Green Energy sem fjárfestingarfélagið FL Group og Glitnir banki hf. áttu meirihluta í. Til stóð að sameina REI

og Geysir Green Energy, með það að markmiði að sameina krafta þeirra í útrás erlendis. Þetta var vel að merkja fyrir hrun. Þann 1. október 2007 var haldinn stjórnarfundur í REI, þar sem ákveðnir voru kaupréttarsamningar og grunnur lagður að sameiningu við GGE. Áttu starfsmenn OR að fá að kaupa hlutabréf í REI, áður en félagið yrði selt. Hópur manna sem þóttu sérlega mikilvægir fyrir fyrirtækin áttu að fá að kaupa hluti í fyrirtækinu sem voru milljóna króna virði á lágu gengi. Reiknað var með að eftir sölu og sameiningu mundu bréf hins nýja félags snarhækka í verði. Björn Ingi var á þeim tíma varaformaður stjórnar OR.

## Hundruð milljóna lán

Aftur mátti Björn Ingi stíga til hliðar en nú eftir birtingu Rannsóknarskýrslu Alþingis um orsakir og afleiðingar bankahrunsins. Nú sem ritstjóri Pressunar en í skýrslunni er Björn Ingi nefndur sem einn þeirra fjölmiðlamanna sem nutu sérkjara hjá bankastofnunum. Caramba, félag Björns, fékk lánað hjá Kaupþingi vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi, Exista, Bakkavör og Spron. Félagið gerði jafnframt samning um kaup á hlutabréfum Exista fyrir 230 milljónir króna í september 2008. Í lok september 2008 námu skuldir félagsins 563 milljónum króna. Björn Ingi var ritstjóri Markaðarins, vikurits Fréttablaðsins um viðskipti, þegar félag hans samdi um kaup á hlutabréfum Exista. Í bókinni Hamskiptin – Þegar allt varð falt á Íslandi, má finna kafla um hvernig Björn Ingi tók virkan þátt í viðskiptalífínu á sama tíma og hann stýrði viðskiptaumfjöllun 365 miðla. Ingi Freyr Vilhjálmsson, höfundur bókarinnar er fréttamaður á DV. „Ég hef aldrei fengið krónu afskrifaða í




Björn Ingi segist munu upplýsa um fjárfestingu í DV þegar Samkeppniseftirlitið hefur farið yfir málið.

íslensku bankakerfi og stend ekki vel fjárhagslega í dag, frekar en svo fjölmargir aðrir landsmenn,“ sagði Björn Ingi þegar hann steig til hliðar. Skömmu áður hafði Caramba fyrirtæki hans farið í þrot. Þrot upp á 700 milljónir. Björn Ingi reis upp sem ritstjóri Pressunnar mánuði síðar.

## Fjármögnun og eignarhald í leynd

Nýir eigendur hafa ekki greint frá því hverjir standa að baki kaupunum á DV. Í samtali við Kjarnann sagði hann þó að upplýst yrði um eignarhald á blaðinu um leið og samkeppniseftirlitið leggði blessun sína á viðskiptin. „Kaupverðið er trúnaðarmál. Og sömuleiðis hvernig þau eru fjármögnuð, en þetta er samvinnuverkefni með þeim sem áttu blaðið,“ sagði Björn Ingi við Kjarnann. Það hvernig Björn Ingi fjármagnar fjölmiðlakaup sín hefur áður vakið upp spurningar. Rekstur Vefpressunar hefur í gegnum tíðina verið erfiður en á árseikningum félagsins má sjá að á árunum 2009 til 2013 tapaði félagið um 70 milljónum króna. Árið 2010 var hlutafé Vefpressunar ehf. aukið um 71 milljón.



Halldór Ásgrímsson naut aðstoðar Björns Inga sem ráðherra.



Vilhjálmur Vilhjálmsson, hætti í kjölfar REI málsins.



Jón Ásgeir Jóhannesson átti í GGE.



Sigurður Einarsson var stjórnarformaður Kaupþings sem lánaði hundruð milljóna.

Heildarveiðigjöld í ár á pari við arðgreiðslur fimm fyrirtækja:

## Skjaldborg um útgerðarmenn

Jæja, þá er loksins komin einhver skjaldborg um einhverja,“ sagði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata í sérstakri atkvæðagreiðslu um veiðigjöld við afgreiðslu fjárauhalaga á Alþingi á fimmtudag. Fjárukalögin voru samþykkt en óskað var sérstakrar atkvæðagreiðslu um veiðigjöld, en þingmenn stjórnarmeirihlutans lögðu til að veiðigjöld yrðu lækkuð um ríflega tvo milljarða króna. Birgitta

undraðist þetta sérstaklega með sam-anburði við fyrirhugaða hækkun á virðisaukaskatti á matvæli.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, benti á í atkvæðaskýringu að til hefði staðið að heildarveiðigjöld ársins yrðu ríflega níu milljarðar króna, en yrðu nú rúmlega sjö. Þetta undraðist Steingrímur og vísaði til þess að útgerðinni hefði aldrei gengið betur. Hann nefndi

meðal annars að þann sama dag hefði komið fram í uppgjöri HB Granda að hagnaður fyrirtækisins á þriðja fjórðungi ársins einum og sér, hefði numið þremur milljörðum króna.

Bent hefur verið á að arðgreiðslur fimm stærstu sjávarútvegsfyrirtækja til eigenda í ár nema sjö milljörðum króna, en hagnaður af rekstri fyrirtækjanna fimm nam fimmtán milljörðum króna.

## Vilja ekki Björgun í Sundahöfn

Hverfisráð Laugardals leggst gegn öllum hugmyndum um að fyrirtækið Björgun fái aðstöðu í Sundahöfn. Á fundi ráðsins á dögunum var rætt um málið í kjölfar fyrirsöfnuðu íbúum um mögulegan flutning fyrirtækisins. Á fundi hverfisráðsins var upplýst að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um lóð undir fyrirtækið og það fari ekki í Sundahöfn. Björgun hefur lengi verið með aðstöðu að Sævarhöfða. Fyrr á árinu samþykkti

borgarráð að kaupa lóð við hlið aðstöðu Björgunar, en samkvæmt aðalskipulagi á að breyta svæðinu þannig að atvinnustarfsemi víki fyrir íbúðabyggð.

Hverfisráðið segir í bókun sinni að það telji ekki að starfsemi á borð við rekstur Björgunar eigi ekki heima í nánd við íbúðabyggð og leggi áherslu á að hverfisráðið taki þátt í skipulagningu og undirbúningi hugmynda af þessu tagi.



# Gríms humarsúpa

*Ómótstæðilega góð!*



**Grímur kokkur mælir með:**

Gott er að bæta út í steiktum humarhölum  
eftir að búið er að hita súpuna upp.  
Gott ráð til að gera góða súpu enn betri.

## ALLTAF GÓÐ...!

Aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins vill þyngja refsingar í vændis kaupamálum:

# Tvíbent skilaboð til lögreglu í vændismálum

„Ég á erfitt með að dæma fyrir aðra, en fyrir mína parta og örugglega margra annarra, þá eru það klárlega mál þar sem börn eiga í hlut. Þau eru alltaf saklaus af aðstæðunum og þau búa ekki aðstæðurnar til,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, spurðu um erfiðustu verkefnin sem lögreglan glímir við.

Alda Hrönn er nýlega komin til starfa hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, eftir farsælt starf hjá lögreglunni á Suðurnesjum, þar sem hún starfaði einnig undir stjórn Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, sem nú er lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. Reykjavík vikublað átti samtál við Öldu Hrönn á dögnum og spurði út í áhersluverkefni lögreglu höfuðborgarsvæðisins með nýjum stjórnendum.

Alda Hrönn segir að hlutverk lögreglunnar sé öðru fremur að þjónusta borgarana. Það séu verkefni lögreglunnar um allt land og líka í Reykjavík, en embættið hér hafi raunar einnig ýmis stjórnssýslutengd verkefni, líkt og útgáfu skotvopnaleyfa.

### Heimilisofbeldi og vændi

„Það er áhersla á heimilisofbeldismálin og núna, aukin áhersla á mansal og vændi, auk kynferðisbrotanna,“ segir Alda Hrönn um helstu áherslumál. „Það verður einnig betur staðið að útlendingamálum, með heildaryfirsýn

yfir þau. Þetta eru helstu verkefnin, auk þess auðvitað að standa sig áfram vel í öðrum verkefnum líka.“

Alda Hrönn heldur áfram. „Svo ég nefni aftur mansal og vændi. Þetta er skipulögð glæpastarfsemi. Þannig að þetta er þáttur í að auka öryggi borgaranna og vinna í þágu þeirra.“

- Hafa þessir málaflokkar, heimilisofbeldi, vændi og mansal, verið vanræktir hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins?

„Ég eiginlega er ekki bær til að segja til um það. En það er klárt að ekki hefur verið lokið við að innleiða sambærilegt verkefni í heimilisofbeldismálum og við hófum á Suðurnesjum. En það er ekki vanræksla af hálfu embættisins hér. En það er ef til vill þyngra að koma þessu af stað með öllum sveitarfélögnum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er stærra verkefni en á Suðurnesjum og að sjálf-sögðu getum við alltaf gert betur.“

### Nota „gluggann“

- Geturðu lýst þeirri aðferð sem þið

hafið notað í heimilisofbeldismálum á Suðurnesjum? Þetta verkefni er þess eðlis er það ekki rétt, að það snertir fleiri en lögreglu?

„Það er í rauninni þannig að þegar við fáum vitneskju um heimilisofbeldi eða útkall í þessar aðstæður, þá lítum við þannig á að það opnist gluggi. Þar sem þolandinn er tilbúinn til að vinna með lögreglu, og lögregla hefur möguleika til að afla sönnunargagna. Það skiptir máli að ná til brotaþola og veita honum aðstoð sem hann þarf í þessum aðstæðum. Fólk er ekki sjálfviljugt í þessum aðstæðum. Það er brýn ástæða til að grípa inn í og aðstoða brotaþola. Oft eru líka börn á heimili. Þau eru ekki sjálfbjarga þar. Þegar þessi gluggi opnast þá kallar lögreglan eftir aðstoð félagsþjónustu. Aðkoma félagsþjónustunnar/barna-verndar er í öllum tilvikum þar sem barn er á heimili eða skráð á heimili en ef ekki er óskað eftir samþykki brotaþola til að starfsmaður félagsþjónustu komi á staðinn. Þetta er til að gæta hagsmuna brotaþola, allt með það að leiðarljósi.“

### Vilja rjúfa vítahringinn

Alda lýsir því að ítarleg rannsókn fari fram á vettvangi heimilisofbeldis. Því sinni rannsóknarlögreglumenn. „Þannig



Alda Hrönn telur að fræða þurfi lögreglumenn, ákær endur, dómara og fleiri um mansal og vændi.

að við öflum þeirra sönnunargagna sem þarf til að vinna málið áfram. Áður var þetta þannig að við komum inn á vettvang og handtókum gerandann. Hann var yfirleitt bara tekinn, oft undir áhrifum, var í haldi í nokkra klukkutíma til að róast, og svo bara sendur heim, en þá lokast þessi „gluggi“,“ segir Alda Hrönn.

Hún lýsir því hvernig eldri vinnubrögð í öðru lagaumhverfi hafi litlu skilað. „Næsta virka dag var kannski hringt í brotaþola og spurt „viltu kæra?“ En þá segir hann kannski bara „nei takk“ því hann hefur ekkert val um annað, gerandinn kominn heim og ekkert annað í stöðunni. Þannig að við viljum rjúfa þennan vítahring,“ bætir hún við.

### Sýnilegur árangur

Hún segir að á Suðurnesjum hafi verið fylgst með þolendum heimilisofbeldis. Málum sé fylgt eftir þannig að viðkomandi sé heimsóttur viku eftir tilkynningu til lögreglu. Þá sé kannað hvort ofbeldið eigi sér enn stað, hvort þolandi sé með nýja áverka. „Þannig að við sjáum hvort viðkomandi sé fangi á eigin heimili. Um þetta snýst þetta. Að veita þessa fyrstu aðstoð og til þess að reyna að rjúfa þennan vítahring. Að sjálf-sögðu er það megin markmiðið að þolandi og gerandi leiti sér aðstoðar þannig að vítahringurinn sé rofinn og bætt verði úr.“

- Lögreglunni á Suðurnesjum hefur verið hrósað fyrir góðan árangur í heimilisofbeldismálum. En hefur hann verið mældur?

„Það hafa ekki enn verið gerðar félagsfræðilegar rannsóknir á þessu. Karlar til ábyrgðar er enn sem komið er eina úrræðið fyrir karla sem eru gerendur í heimilisofbeldi. Frá vori hafa þeir verið að taka við konum sem gerendum í heimilisofbeldi. Hjá þeim er mjög mikil fjölgun frá karlmönnum á Suðurnesjum. Bæði þeir sjálfir og barnaverndaryfirvöld á Suðurnesjum eru að nota þetta úrræði í fjölskyldumeðferð fyrir fólk sem er í þessum aðstæðum,“ segir Alda Hrönn og vísar einnig til tölulegra gagna frá Kvænnaathvarfinu. Þær sýni að umtalsvert færri konur frá Suðurnesjum leiti til athvarfsins en áður. „Þetta er rakið til þessara inngripa. Með því að beita þessum úrræðum, nálgunarbanni og brottvísun af heimili erum við að veita þolendum heimilisofbeldis, sem einnig fá réttargæslumann, tækifæri til að vera á eigin heimili í stað þess að gerandinn verði þar áfram.“

- „Ég á ákaflega bágð með
- að trúa því að það sé
- raunverulegur vilji fyrir
- því hjá manneskju að
- stunda þessa vinnu.“

## Hugsjón

Alda Hrönn hóf löggæslustörf árið 1999 í sumarafleysingum og starfaði í lögreglunni meðfram námi í lögfræði í tvö sumur. Hún var fulltrúi hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði frá 2001 og fór þaðan við sameiningu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á höfuðborgarsvæðið árið 2007 en þaðan til lögregluembættisins á Suðurnesjum síðla sama árs. Þar var hún við störf þar til hún tók við starfi aðstoðarlögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins nú í haust, með þeirri undantekningu raunar að fyrir nokkrum misserum var hún í eitt ár settur saksóknari í efmahagsbrotum. Spurð um hvers vegna hún valdi lögreglustörfin segir Alda Hrönn: „Ég væri ekki hérna ef þetta væri ekki mín hugsjón.“

**Mikil þörf á fræðslu**  
- Nú hefur oft komið fram að mikil tengsl séu milli vændis og mansals. Hvernig getur lögreglan beitt sér til að uppræta þetta?

„Í fyrsta lagi er það bara fræðsla. Það þarf fræðslu til lögreglumanna og ákær enda, dómara, fræðslu fyrir almenning, félagsþjónustu, heilbrigðisvirk, alla sem koma að þessu. Á grundvelli síðustu aðgerðaráætlunar stjórnvalda þá var komið af stað fræðsluhópi á vegum innanríkisráðuneytisins og það er búið að fara núna í töluverða herferð til að kynna mansal, hvað það er, helstu einkenni og slíkt,“ segir Alda Hrönn og bætir því við að undanfarna mánuði hafi rúmlega 200 manns fengið fræðslu af því tagi. „Ef að við fræðum ekki og berum ekki kennsl á fórnarlömbin, þá verða engin fórnarlömb. Almennt er það þannig að fórnarlömb mansals gefa sig ekki fram, hvorki við lögreglufyrirvalda eða aðra, og segja að þau séu fórnarlömb. Oft hafa þau bara ekki þekkingu á því hvað mansal er. Það eru þessi einkenni sem þarf að bera kennsl á til þess að geta greint þau. Við

# Góð þjónusta í 60 ár

## GÆDAHREINSUN ÞVOTTAHÚS DÚKALEIGA

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

EFNALAUGIN  
BJÖRG  
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS

SÆKJUM & SENDUM

1953 60 ára 2013

Háleitisbraut 58-60 - Sími 553-1380

# Austurríska leiðin

Austurríska leiðin svonefnda var sett í lög hér á landi árið 2011. Samkvæmt henni er heimilt að fjarlægja ofbeldismann af heimili og setja nálgunarbann á viðkomandi. Markmið laganna er að styrkja réttarstöðu fórnarlamba ofbeldis, sérstaklega þeirra sem verða fyrir heimilisofbeldi.

Þurfum fyrst og fremst að bera kennsl á einkennin ef við eigum að geta veitt þeim öryggi og nauðsynlega aðstoð.

Alda Hrönn bætir því við að rannsaka þurfi mansalsmál frekar. Mansalsmál séu stór og rannsóknir á þeim oft tímafrekar og kostanaðarsamar. „En vonandi erum við að fara að bæta okkur í því og erum að fara að skoða þetta betur.“

## Ekki raunverulegt val

- Nú er hafa staðið réttarhöld í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir 40 mönnum sem sakaðir eru um kaup á vændi. Fram hefur komið að rannsókn málsins hófst sem rannsókn á mansali. En það er ekki ákært fyrir það. Hvað skýrir?

„Ég á erfitt með að fara inn í einstök mál eins og það, en ef ég get talað um það almennt, þá er það þannig og það er viðurkennt í þessum „heimi“, að mansal er oft yfirhatturinn á þessari skipulagðri glæpastarfsemi þar sem verið er að versla með fólk. Lögregla getur verið með fórnarlamb mansals í höndunum, en erfitt er að ná sakfellingu fyrir mansalið. Stundum er sakfelld fyrir önnur brot sem þessu tengjast, til dæmis vændi, milligöngu, peningabætti, mála-myndahjónabönd, eða hvað annað sem er,“ segir Alda Hrönn.



„Sektir í þessum málum hafa verið of lágar að mínu mati,“ segir Alda Hrönn.

Hún greinir frá því að hún hafi nýlega setið alþjóðlega ráðstefnu um mansal á Norðurlöndum og á Balkanskaga. „Það eru færri mansalsmál hér, klárlega, en það er alls staðar þannig að það er erfitt að sanna þetta. Sönnunarkröfurnar eru mjög ríkar. Því verða sakfellingar í mörgum löndum á öðrum grundvelli en fyrir sjálft mansalið.“

- Skiptir sænska leiðin svonefnda, að kaup á vændi séu glæpur en ekki það að selja vændi, máli í þessu sambandi?

„Já, klárlega. Það er mín sýn og annarra sem vinnum að þessu að við erum stundum með konur sem vilja oft ekki okkar aðstoð. Þetta eru svokallaðar vændiskonur, þær sem eru að selja sig í vændi. Þær vilja ekki íhlutun, en hins vegar eru það afar fáar konur sem eru ekki í viðkvæmri aðstöðu. Þær eru lang flestar í viðkvæmri aðstöðu að því leyti að þær hafa ekki raunverulegt val. Stundum eru þær beinlínis gerðar út, en stundum er það líka þannig að þær eru oft frá landi þar sem ríkir mikil spilling, þær hafa einhvern tímann, á einhverjum tímapunkti, verið gerðar sjálfar út. Þetta er það sem þær kunna og hafa haft lífi-brauð af, þær koma frá fátæku ríki og svo framvegis. Þannig að raunverulega valið er í rauninni ekki fyrir hendi. Í almennt umræðu er stundum talað um þær „sem vilja þetta“. Þær eru mjög fáar

- „Við viljum rjúfa
- þennan vítahring.“

og ég bara leyfi mér að efast, að þær séu ekki í viðkvæmri stöðu, þannig að viðkomandi þurfi einhvers konar aðstoð. Ég á ákaflega bágð með að trúa því að það sé raunverulegur vilji fyrir því hjá manneskju að stunda þessa vinnu.“

## Sektir of lágar

- Á það hefur verið bent að þessi vilji löggjafans, Alþingis, að færa ábyrgð á vændi yfir á kaupandann nái ekki markmiði sínu vegna þess að fælingarmátturinn sé fölginn í því að menn verði uppvísir að vændiskaupum. Þótt menn séu teknir af kerfinu, eins og dæmi eru um, þá sé eins og það sé þegjandi samkomulag um að ekki verði upplýst hverjir þarna eru á ferðinni. Hvaða skoðun hefur þú á þessu?

„Mín skoðun er sú, sama og hjá ríkissaksóknari núna, að krefjast þess að það sé opið þinghald í vændiskaupamálum, vegna þess að þar er raunverulega forvörnin. Það að viðkomandi sé ekki nafngreindur gerir það að verkum að forvarnargildið er ekki það sama. Þannig að þá höfum við of mikla eftirspurn. Við þurfum að stemma stigu við eftirspurninni. Það er mitt mat og ríkissaksónara líka að við gerum þá

# Val og aðstöðumunur

Sænska leiðin svonefnda var innleidd í íslensk lög árið 2009. Þá var samþykkt frumvarp um að kaup á vændi yrðu refsiverð. Í greinargerð með frumvarpinu segir meðal annars um sænsku leiðina að hún miði við að „það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættalegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna.“

meira með því að þetta séu ekki lokuð þinghöld.“

Alda Hrönn bætir því við að enn meira mætti gera. „Sektir í þessum málum hafa verið of lágar að mínu mati. Þá erum við ef til vill að fá tvöföld skilaboð. Löggjafinn og dómsvaldið senda eiginlega tvíbent skilaboð. Löggjafinn telur þetta ólöglegt en refsiramminn er lágur og dómsvaldið hefur túlkað lögin eins og raun ber vitni,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir.

Sektir í vændiskaupamálum hafa numið 80-120 þúsund krónum.

## Sjónarmið beggja kynja

- Ef við lítum annað, þá er það nýtt af nálinni hér á höfuðborgarsvæðinu, að lögregluliðinu sé stýrt af konu, hvað þá

tveimur konum. Talað hefur verið um karlavelði í lögreglunni. Hvernig upplifir þú starfsumhverfið?

„Ég upplifi það bara vel. Okkur er mjög vel tekið af lang flestum. Við höfum verið í þessu samfélagi lengi. Mér persónulega hefur líkað mjög vel að starfa í þessum geira og hefur þótt það mjög skemmtilegt, eftir sex ára starf með Sigríði Björk. Mér finnst líka gríðarlega mikill kostur að vera með konur inn í kerfinu. Það hefur bara sýnt sig í stórum sem smáum málum sem við höfum verið með að það skiptir máli að við séum með sjónarmið beggja kynja. Og ég held að þú getir alveg spurt þá kollega okkar sem við höfum unnið hvað lengst með að þetta er orðin sú dýnamík sem hefur reynst best.“

- Nýlega kom fram að konur eru samt sem áður aðeins um 13 prósent lögreglu-manna. Þarf ekki að jafna þetta hlutfall frekar?

„Jú, ég myndi nú halda það. Að sjálf-sögðu fer þetta eitthvað eftir áhuga viðkomandi. Kynin eru ólík, en ég held samt að það hafi verið erfitt fyrir konur að ná fötfestu inni í stéttum þar sem hefur verið mikil kynjaskipting. Ég held að þetta sé allt að breytast. Maður sér það. Við þurfum líka að fjölga konum í stjórn-unarstöðum innan lögreglunnar. Það er bara ein kona sem hefur verið skipuð yfirlögregluþjónn. Það segir sitt.“

Alda Hrönn segir of snemma að svara því til hvort gengið verði sérstaklega í að fjölga konum innan lögreglunnar. „Ég held samt að það þurfi alltaf að gæta jafnræðis þannig að það sé alltaf hæf-asti aðilinn valinn í starfið hverju sinni, hvort sem það er kona eða karl. En að sjálf-sögðu þarf að líka að líta til kynja-hlutfallsins og líta til jafnréttislaganna í þessum efnum,“ segir Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðsins.

www.volundarhus.is

# RÝMINGARSALA-ÚTSALA Á GARÐHÚSUM

Stendur til 30.11.2014 · Allt á að seljast · Fyrstur kemur fyrstur fær



45 mm bjálki / Tvöföld nótun

Allt að 25% afsláttur líka af öðrum garðhúsum sem til eru á lager



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Lækaðu vöfundarhús.is á Facebook



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,7m<sup>2</sup>

kr. 159.900,- án fylgihl. - áður 189.900.  
kr. 189.900,- m/fylgihl. - áður 219.900.



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m<sup>2</sup>

kr. 149.900,- án fylgihl. - áður 169.900.  
kr. 169.900,- m/fylgihl. - áður 199.900.



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m<sup>2</sup>

kr. 259.900,- án fylgihl. - áður 359.900.  
kr. 299.900,- m/fylgihl. - áður 399.900.

TILBOÐ - GARÐHÚS 6,0m<sup>2</sup>

kr. 239.900,- án fylgihl. - áður 299.900.  
kr. 269.900,- m/fylgihl. - áður 329.900.



Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

## Gjafakort á frábærar leiksýningar eru góðar jólagjafir



Gjafakortin fást í verslunum Hagkaupa. Símaþúðinni í Firði og Gaflaraleikhúsinu

Gleðilega hátíð



## Hver er staða og framtíð íslenskrar náttúru, umhverfisins okkar allra, eftir síðasta útspil ríkisstjórnarflokkana á rammaáætlun?

Félagsfundur Vinstri grænna í Reykjavík verður haldinn **Þriðjudaginn 2. desember kl. 20–22 á Horninu** – hliðarsal, Hafnarstræti 15, Reykjavík.

**Svandís Svavarsdóttir** þingmaður VG og fyrrverandi umhverfis- og auðlindaráðherra og **góðir gestir** ræða um stöðu og framtíð Rammaáætlunar eftir síðasta útspil ríkisstjórnarflokkanna: Að taka átta virkjanakosti úr biðflokki og setja í nýtingu – framhjá verkefnastjórninni.

Ljóst er að ríkisstjórnin er með stríðsyfirlýsingu á Íslenska náttúru sem verður að bregðast við strax, við hvetjum því alla sem láta sig Íslenska náttúru varða að mæta

Allir velkomnir, stjórn VGR



## Get bætt við mig verkefnum við málningu og smíðum

## Málningarþjónusta og viðgerðir

Jón Haraldsson - Sími 867-1875

# Svikin rammaáætlun?

Rammaáætlun komst enn í hámmæli í vikunni þegar Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, lagði til á fundi nefndarinnar s.l. miðvikudag og fékk samþykkt, að 8 virkjunarkostir í biðflokki rammaáætlunar skyldu færðir í nýtingarflokk. Þeir eru Hvammsvirkjun, Hágöngulón I og II, Skrokkölduvirkjun, Hólmsá við Atley, Hagavatnsvirkjun, Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun. Af þessum átta kostum hefur núverandi verkefnisstjórn rammaáætlunar fjallað um einn, Hvammsvirkjun. Færsla hinna sjö er geðþóttaákvörðun sem hugsanlega stangast á við lög við lög um rammaáætlun.

Rökstuðningur formanns atvinnuveganefndar úr ræðustóli Alþingis var einkum sá að rammaáætlun sé ónýtt og að á því beri fyrri ríkisstjórn alla sök; að f. v. umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir og f. v. iðnaðarráðherra, Oddný Harðardóttir hafi með pólitískum inn gripum breytt faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

### Hvað gerðist?

Í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun), sem Svandís Svavarsdóttir mælti fyrir á haustþingi 2012, var að nokkru tekið tillit til sameiginlegrar umsagnar allra náttúruverndarsamtaka landsins sem og umsagnar Verndarsjóðs viltra laxa. Þar af leiðandi voru nokkrir virkjunarkostir færðir úr nýtingarflokki í biðflokk rammaáætlunar, sem þýðir einfaldlega að orkufyrirtækjum var gefin kostur á að leggja fram frekari gögn máli sínu til stuðnings.

### Hvað segja lögin?

Í 3. mgr. 10 gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) segir að öllum skuli, „... gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en tólf vikur frá birtingu auglýsingar.“ Með öðrum orðin, lögin kveða skýrt á um að öllum „... er gefin kostur á að koma á framfæri,“ athugasemdum við tillögu verkefnisstjórnar innan 12 vikna frá því að niðurstöður verkefnisstjórnar rammaáætlunar eru auglýstar.“ Hvernig stendur þá að því að Jón



Frá Þjórsárverum. Formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands spyr hvort ráðamenn hafi ekki kynnt sér lögin. Mynd: Jóhann Óli Hilmarsson.



Höfundur er Árni Finnsson, formaður náttúruverndarsamtaka Íslands

Gunnarsson og Sigurður Ingi Jóhannsson klifa á því að þáverandi umhverfisráðherra og þáverandi iðnaðarráðherra hafi eyðilagt rammaáætlun með því að setja nokkra virkjunarkosti í biðflokk? Hafa þeir ekki kynnt sér lögin sem samþykkt voru á vorþingi 2011? Þeim má vera vera ljóst að ráðherrum ber, lögum samkvæmt, að fara yfir framkomnar umsagnir og taka tillit til þeirra athugasemda sem eru vel rökstuddar. Hvorki formaður atvinnuveganefndar né umhverfis- og auðlindaráðherra hafa skýrt hvað sé rangt við þá málsmæðferð sem mælt er fyrir um í lögum.

Þeim félögum varð litt ágengt enda var þingsályktunartillagan samþykkt með 36 atkvæðum, 21 á móti en 6 þingmenn sátu hjá. Nú eru þeir í meirihluta en það stoðar litt ef þeir skilja ekki lagabókstafinn.

### Hvað með Norðlingaölduveitu?

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið sóst eftir að byggja miðlunarlón í Þjórsárverum. Jafnlangi hafa náttúru-

verndarsamtök barist fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Í fyrsta áfanga rammaáætlunar var verndargildi Þjórsárvera metið mjög hátt. Margir héldu þá að málið væri unnið en Landsvirkjun krafðist þá þess að Norðlingaölduveita færi í mat á umhverfisáhrifum. Á endanum tapaði Landsvirkjun þeim slag.

Í öðrum áfanga rammaáætlunar varð niðurstaðan sú sama. Verndargildi Þjórsárvera er mjög hátt enda komst verkefnisstjórnin að þeirri niðurstöðu að Þjórsárver bæri að setja í verndarflokk. En hvernig skýra þá Jón Gunnarsson og Sigurður Ingi Jóhannsson að þeir vilja fyrir alla muni byggja miðlunarlón í Þjórsárverum? Af hverju taka þeir ekki mark á niðurstöðum verkefnisstjórnar um Þjórsárver?

### Virkjanir í Þjórsá

Formaður verndarsjóðs viltra laxa, Orri Vigfússon, færði sterk rök fyrir því að stíflur í Þjórsá myndu drepa megnið af laxaseiðum á leið til sjávar og þar með yrði stærsti villti laxastofn landsins í bráðri útrýmingarhættu. Rök Orra hefðu vel getað dugað til að færa virkjanir neðri Þjórsá í verndarflokk en Landsvirkjun fékk séns. Svandís og Oddný áttu einskis annars úrkosti en að setja þær virkjanir í biðflokk. Að öðrum kosti hefði þingsályktunartillagan um rammaáætlun stangast á við lög um rammaáætlun.

Málflutningur af því tagi formanns atvinnuveganefndar og félaga hans í umhverfisráðuneytinu er mótsagnakenndur og í litlu samhengi við gildandi lög um rammaáætlun. Í lýðræðisríki er þeim skylt að skýra mál sitt betur.



# Hrossahlátur

Júlíus Brjánnson, leikari, hestamaður og nú rithöfundur, hefur sent frá sér bókina Hrossahlátur. Þar er að finna fjölda gamansagna af íslenskum hestamönnum, reykvískum hestamönnum

þar á meðal. Útgáfuteiti var haldið á dögnum í verslun Eymundsson við Skólavörðustíg, þar sem höfundur las úr bókinni fyrir gesti, en einnig stigu ýmsir fleiri á stökk.



Júlíus Brjánnson ásamt Gísli Rúnari Jónssyni.

# Jólatilboð

Íslenskt hugvit og hönnun

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.  
Tilboð glíða til jóla 2014, eða á meðan birgðir endast.

YANKEE CANDLE®



YANKEE JÓLAILMUR  
25% afsláttur

VOGUE heilsurúm  
Verð frá: 112.880.

160x200cm | án höfðagafl og fylgihluta



## Tvennutilboð

Dúnsæng og dúnkoddi  
Alvöru mjúkur pakki undir tréð.

**Tilboð: 21.600.- kr.**

Fullt verð: 28.800.-



## Bómullarhandklæði

8 Egypsk bómullar-  
handklæði og baðmotta.

**Tilboð: 9.600.- kr.**

Fullt verð: 12.800.-



## Dúnsokkar - hlýjir og notalegir

Dúnsokkar 3 pör

**Tilboð: 9.600.- kr.**

Fullt verð: 12.800.-

Síðumúla 30 · Reykjavík · Sími 533 3500  
Hofsbót 4 · Akureyri · Sími 462 3504  
[www.vogue.is](http://www.vogue.is)

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

## MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

# Gull á gull ofan!

Íslenska kokkalandslíðið rakaði inn verðlaunum á heimsmeistaramótinu í matreiðslu í vikunni. Okkar fólk fékk gullverðlaun fyrir þriggja rétta heita máltíð og eins fyrir kalda borðið – báðar aðal keppnisgreinarnar. Þá unnu margir persónulega sigra. María Shramko sykurskreytingarmeistari íslenska kokkalandslíðsins vann þrenn gullverðlaun og ein bronsverðlaun í einstaklingskeppni á sínu sérsviði - með jólainnblásnum og listrænum sykurskúlpturnum.

## Náð fyrir augum strangra dómara

Allt þarf að ganga upp til að ná árangri sem þessum. Líðið þarf að vinna saman sem ein heild og stjórnun og skipulag þurfa að vera í fullkomnu lagi. Dóm-ararnir eru strangir og gerð er krafa um útlit rétta og frumleika, ekki síður en bragð og áferð. Íslenska kokkalandslíðið leggur áherslu á íslenskt hráefni og umgjörð. Á bak við þennan árangur liggur ómæld vinna, eljusemi og dugnaður keppenda og þeirra sem standa að kokkalandslíðinu.

## Keppnin vekur heimsathygli

Athygli kokka, annarra fagmanna, matgæðinga og matarblaðamanna um allan heima hefur verið á keppninni í Lúxemborg síðustu daga. Íslensku keppendurnir eru frábærir sendiherrar og fulltrúar Íslands. Það er hreinlega magnað að landslíð Íslands skuli koma heim hlaðið hóli og verðlaunum eftir jafn erfiða keppni við færustu matreiðslumenn heims.



María Shramko sem hér sést ásamt sykurlistaverki sínu, rakar inn verðlaunum.

## Stóðu fyrir sínu

Okkar fólk átti í fullu tré við stærri þjóðir – þrátt fyrir mikin aðstöðumun. Á það hefur verið bent á þessum síðum hversu veglega frændur okkar á Norðurlöndunum standa á bak við sína menn. Stjórnvöld í þessum löndum



gera sér grein fyrir því að góður árangur matreiðslumannanna þeirra skilar sér í fleiri ferðamönnum, meiri útflutningi á matvælum og svo mætti áfram telja. Svo er sérstök matarstefna eitthvað sem frændum okkar þykir eðlilegt að hlúa að.

## Singapúr heimsmeistari á samanlögðum

Heimsmeistaramótið í matreiðslu er stigakeppni og sigurvegarinn er sá sem kemur best út í heildina. Í ár var það

líð Singapúr sem hampaði heimsmeistaratitlinum í matreiðslu á samanlögðum árangri. Í öðru sæti voru Svíar sem áttu titil að verja og Bandaríkjamenn voru í því þriðja. Í ungliðakeppninni unnu Svisslendingar en Svíar voru í öðru sæti en Norðmenn í því þriðja. Árangur Svía og Norðmanna í alþjólegum matreiðslukeppnum hefur verið undra-verður síðustu ár. Reykjavík vikublað óskar þessum þjóðum – og íslenska kokkalandslíðinu – til hamingju með árangurinn.



## NÝ SENDING AF SÓFASETTUM



Teg. Giulia 3 - 1 - 1 og 3 - 2 - 1 leður.



Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100

# Sorpa heldur sínu striki þrátt fyrir kæru

Gert er ráð fyrir 2,7 milljarða króna gas- og jarðgerðarstöð í fjárhagsáætlun Sorpu bs. til ársins 2019, enda þótt kærufnd útboðsmála hafi stöðvað samning um fyrirhugaða stöð. Í áætluninni er gert ráð fyrir hundruð milljóna króna framlögum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til fyrirhugaðra framkvæmda. Stjórn Sorpu samþykkti rekstraráætlunina samhljóða.

Sorpa vill ganga til samninga við danska fyrirtækið Aiken A/S um gas- og jarðgerðarstöðina. Framkvæmdin var ekki boðin út. Þetta var kært til kærufndar útboðsmála sem stöðvaði samningsgerðina við Aiken

meðan kærufndin fjallar efnislega um málið. Kærufndin segir meðal annars í úrskurði sínum að Sorpa hafi ekki sýnt fram á að lausn Aiken sé sú eina sem fullnægi kröfum Sorpu. Þá geti hún ekki réttlætt fyrri ákvörðun sína með vísan í undanþágur í lögum um opinber innkaup.

Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu sagði við blaðið að áhrifin af ákvörðun kærufndarinnar væri einkum fölginn í töfum.

## 650 milljónir frá sveitarfélögum

Í fjárhagsáætlun Sorpu fyrir árin 2015-2019 er gert ráð fyrir gas- og

jarðgerðarstöð Aiken, sem á að kosta 2,7 milljarða króna. Eigendasmakomulag um framkvæmdina var undirritað í fyrrahaust, segir þar. Einnig að í áætlunum sé gert ráð fyrir að framkvæmdir við stöðina í Álfsnesi og móttökustöð í Gufunesi hefjist á þessu ári og að framkvæmdum verði lokið 2016.

Tekið er fram að samþykkt rekstraráætlunarinnar feli ekki í sér ákvörðun um fjármögnun þessa verkefnis. Samt sem áður er lagt til að eigendur Sorpu, sveitarfélgin á höfuðborgarsvæðinu, leggi til 650 milljónir króna í stofnfé fyrir nýjum framkvæmdum. Hluti verði fjármagnaður af rekstri, meðal annars með hækkun gjaldskrár, og eitthvað verði fjármagnað með lánum.

Stjórn Sorpu hafa verið kynntar hugmyndir um umtalsvert ódýrari lausnir til gas- og jarðgerðar ef marka má fundargerðir.


[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

## Gleðilegar gjafir í alla pakka

Lyfja hefur að bjóða gjafavöru í úrvali fyrir alla fjölskylduna. Hjá okkur færðu fallegar gjafir sem koma sér ávallt vel. Hver sem árstíðin er þá höfum við alltaf sama takmark: **Við stefnum að velliðan.**



Mundu eftir jólahandbók Lyfju



Lágmúla  
Laugavegi  
Nýbýlavegi

Smáralind  
Smáratorgi  
Borgarnesi

Grundarfirði  
Stykkishólmi  
Búðardal

Patreksfirði  
Ísafirði  
Blönduósi

Hvammstanga  
Skagaströnd  
Sauðárkróki

Húsavík  
Þórshöfn  
Egilsstöðum

Seyðisfirði  
Neskaupstað  
Eskifirði

Reyðarfirði  
Höfn  
Laugarási

Selfossi  
Grindavík  
Reykjavík

# AMERÍSK JÓL Í KOSTI

## Allt til innpökkunar

**Jóla-  
pokar**  
15 stk  
í pakka

kr/pk  
**4.985,-**



**Jólamerki-  
spjöld**  
60 stk  
handgerð  
merkispjöld  
í pakka

kr/pk  
**2.859,-**



**Jólaslaufur og  
merkispjöld**  
40 jólaslaufur og  
43 merkispjöld

kr/pk  
**3.156,-**



**Risa rúlla  
af jólapappír**  
Þykkur pappír,  
prentaður  
báðum megin.  
49 m á rúllu

kr/stk  
**3.495,-**



## Smákökur og konfekt

**Kelsen  
danskar  
smákökur**  
Nokkrar  
tegundir í boxi  
2,27 kg

kr/stk  
**3.998,-**



**Kirkland  
smákökur**

Með belgísku  
súkkulaði  
1,5 kg

kr/stk  
**3.879,-**



**Pipar-  
kökhus**

Allt til  
skreytingar  
í pakkanum  
1,44 kg

kr/stk  
**3.298,-**



**Hersey's hátíðar  
súkkulaði blanda**

Hersey's kossar,  
Reese's cup  
og Hersey's  
súkkulaði  
1,41 kg

kr/stk  
**3.255,-**



**Lindt  
Lindor  
trufflur**

Blandaðar  
tegundir  
600 gr

kr/stk  
**2.879,-**



**Reese's  
hátíðar-  
molar**

Súkkulaði með  
hnetusmjörs-  
fyllingu  
623 gr

kr/stk  
**2.995,-**



**Truffettes  
de France  
súkkulaði  
trufflur**

Húðaðar  
með kakó  
1 kg

kr/stk  
**1.698,-**



**Baileys  
súkkulaði  
trufflur**

500 gr

kr/stk  
**2.585,-**



## Kostakaup

# NUTRIBULLET®

**Heilsusamleg  
jólagjöf!**

Með NUTRIBULLET nýtir þú  
öll næringarefni í fæðunni til  
fullnustu og stuðlar að bættari  
heilsu og almennri velliðan.

Nánari upplýsingar um  
tækioð má finna á síðunni  
[www.nutribullet.is](http://www.nutribullet.is).

kr/stk  
**19.980,-**



**Jólagjöfin  
í ár**

## Gjafavörur

**Sokkabuxur fyrir dömur**

2 í pakka  
Stærðir: S, M og L

kr/pk  
**5.279,-**



**Náttbuxur fyrir herra**

Úr mjúku flísefni  
Stærðir: M, L, XL og XXL

kr/stk  
**3.898,-**



**Flísleggings - barna**

3 stk í pakka  
Stærðir: S, M, L og XL

kr/pk  
**3.695,-**



**Drykkjarkrúkkur**

3 í pakka

kr/pk  
**4.195,-**



**Risa Disney  
teiknisett**

kr/stk  
**6.670,-**



**Disney flísteppi**

Nokkrar tegundir  
Stærð: 150x200 cm

kr/stk  
**4.895,-**



**Jóla-ilmkerti - 3 í pakka**

Nokkrar gerðir  
Brennslutími 90 klst.

kr/pk  
**2.779,-**



**Disney  
límmiðabækur**

kr/stk  
**2.595,-**



Með fyrirvara um villur og á meðan birgðir endast. Athugið að verð geta breyst milli sendinga. Gildir helgina 27. - 30. nóvember 2014.

**f Fylgstu með okkur á Facebook** [www.facebook.com/kostur.dalvegi](http://www.facebook.com/kostur.dalvegi)

**Opið alla daga frá klukkan 10.00 til 20.00**

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | S: 560-2500 | [kostur@kostur.is](mailto:kostur@kostur.is) | [www.kostur.is](http://www.kostur.is)

**kostur**  
Spörum og njótum lífsins

# REYKJAVÍK

Auglýsingar: 578 1190 & auglysingar@fotspor.is | Ritstjórn: 659-3442 & ingimarkarlhelgason@gmail.com

## BAKSÍÐAN

Smári McCarthy



## Slagsíðan á veruleikanum

Vitleysan í Davíð Oddssyni hefur verið aðhlátursefni í nokkur ár núna. Flestir eru auðvitað löngu hættir að lesa nema útdrátt úr því fáranlegasta, þegar það birtist í fjölmiðlum. Þó hlæjum við. Ekki með Davíð, heldur að honum.

En stundum gengur vitleysan of langt til þess. Nýlega sýndi hann fávisna þegar hann talaði um samtökin Bláðamenn án landamæra. Oftast passar hann sig á því að bullið sé dulbúið sem „viska“, en í þetta skiptið var mjög auðvelt að hrekja þetta. Samtökin hafa síðan 1985 meðal annars barist gegn fangelsun og aftökum á fjölmiðlafólki. Ritstjóri Morgunblaðsins ætti að þakka þeim innilegast fyrir.

Einn mælikvarðinn er World Press Freedom Index. Ísland var í fyrsta sætinu árin 2002-2008, og svo aftur 2010, þótt staðan þyki hafa versnað.

Ástandið er þó enn gott hér. Á heims-vísu eru milli 60 og 80 blaðamenn drepnir árlega, og um 800 blaðamenn sitja nú í fangelsi.

Við erum ekki komin á botninn, en það er verulegt áhyggjuefni að við séum að hrapa með þessum hætti, og að þeir sem ættu að vera boðberar fjölmiðlafrelsis skuli gera grín að þessu. Á Íslandi getur fólk enn farið í fangelsi fyrir að tjá skoðanir sínar, og íslenskir fjölmiðlar hafa aldrei þurft að verjast þöggunartilburðum af jafn miklum móð.

Nýlega sagði Óli Björn Kárasen að það væri vinstrislagsíða á fréttaflutningi RÚV, og leggur óbeint til að það sé þaggað niður í þeim. Hann hundsar þann möguleika að kannski er engin slagsíða á RÚV, heldur sé bara slagsíða á raunveruleikanum. Ef til vill er bara orðið frekar erfitt að fjalla um það sem ríkisstjórnin gerir á jákvæðan hátt.

Sé slík slagsíða á raunveruleikanum er tvennt í stöðunni. Að halda áfram þöggunartilburðum og láta eins og það séu bara ómerkileg samtök vinstri-hippa sem eru að væla, eða að snúa við vegferðinni, og taka gagnrýninni.

Hvernig má það annars vera að hópur fólks fari með völd á Íslandi, sem getur ekki fyrir nokkra muni tekið neinni gagnrýni án þess að gera sig að fórnarlömbum, fara að gráta í beinni, varpa sök á aðra, eða beinlínis vera hortug við fjölmiðla, Alþingi, og almenning?



Jamie Oliver

# Jólagjafir

## -fyrir heimilin í landinu

**Tefal**  
EÐAL POTTAR & PÖNNUR



**TALENT**  
POTTAR & PÖNNUR



**TEFAL POTTAR OG PÖNNUR HAFNA VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR**

**Allinox**

10, 14, og 19 lítra stálpottar á frábæru verði



**NIVONA**

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.



**Jólatilboð: 89.900**

**AEG**

AEG hefur aldrei brugðist aðdáendum sínum þegar kemur að kaffivélum. Þessa klassísku kaffivél bjóðum við nú á tilboðsverði.



KF3130 - Hvít

**Jólatilboð: 3.900**

**Smoothie Twister**

Blandarinn sem þú tekur með þér

Alveg einstakur blandari. Blandar beint í glasið - sparar þrif.



**Jólatilboð: 5.990**

**OBH NORDICA**

**bodum**

Nytjalist í hæsta gæðaflokki.

Vinsæl gjafavara sem hittir alltaf í mark.

Sjón er sögu ríkari.



**ROMMELSBACHER**

Öflugt og vandað mínútugrill



**Jólatilboð: 16.990**

**assistent**

FÆST Í FIMM LITUM

ASSISTENT hefur marg oft fengið topp einkunn "BEST IN TEST" í samanburðarprófum fyrir mikla vinnslugetu og fjölbreytni.



**Solis**  
OF SWITZERLAND

Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressunni frá Solis

**Útsölumarkaður - 30-80% afsláttur**

Heimabíomagnarar - Nintendoleikir - Fartölvutöskur - Hljómtækjastæður - Bluetooth hátalarar - Geisladiskar - Í þad hulstur - Spílað & Skílað / Spílaðir tölvuleikir - Vefmyndavélar - PC stýriþinnar - Tölvusnúður - WiFi hátalarar - Diskahýsingar - Leikjastýriþinnar - Þráðlaus tálnaborð - Farsímahulstur o.fl.

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 10 -18 / LAUGARDAGA KL. 11 -15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
ÞRISTUR-ÍSÁFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUDÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAD  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

Opíð allan sólarhringinn  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka

**Iceland**

